

Nr. 035 / 16 Ölduljón VE 78, RIB bátur***Farþegar slasast í baki***

Skipaskr.nr. 7793
Smíðaður: Pólland 2015, plast
Stærð: 16,16 bt.
Mesta lengd: 12,2 m Skráð lengd: 11,6 m
Breidd: 3,8 m Dýpt: 1,37 m
Vél: Volvo Penta 550 kW, 2016
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 12



Ölduljón ©Eyjafréttir

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. maí 2016 var farþegabáturinn Ölduljón á siglingu með farþega við Vestmannaeyjar. Veður: NV 9 m/s. Ölduhæð við Surtsey: 1,4 m.

Á siglingunni slösuðust tveir farþegar í baki þegar báturinn fór fram af öldu og skall niður að framan. Við læknisskoðun kom í ljós að annar farþeganna var með samfall á hryggjarliðum og hinn með brot í hryggjarlið.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra hafði hann slegið af ferð vegna ölduhæðar og hraði bátsins verið u.þ.b. 4-6 hnútar þegar atvikið átti sér stað. Öldudalur hefði óvænt myndast og báturinn fallið um 1-1,5 m niður með þeim afleiðingum að tveir farþegar fremst í honum slösuðust;
- að sögn farþeganna var fallið á bátnum talsvert meira og einnig kom fram hjá aðstoðarmanni skipstjóra að þessi öldudalur hefði verið a.m.k. þrefalt meiri en aðrar öldur. Samkvæmt þessu hefur þessi óvænta ölduhæð, þegar atvikið átti sér stað, verið um 3-5 m;
- að farþegum var ráðlagt að standa meðan báturinn var á ferð og nota hnjáliði til að verjast höggum;
- að ekki liggja fyrir mælingar á höggmyndun RMS (Root Mean Square) um borð í bátnum við ólíkar aðstæður þ.e.a.s. ölduhæð og hraða.

Nefndarálit:

Nefndin telur ástæðu óhappsins vera þá að siglt hafi verið of hratt miðað við aðstæður.

Sérstök ábending:

Vegna tíðra slysa á hraðbátum hefur Maritime and Coastguard Agency í Englandi gefið út leiðbeiningar, *Marine Guidance Note, MGN 436 (M+F)*, til allra bátasmiðja, eigenda, stjórnenda og rekstraraðila svona báta.

Tillaga í öryggisátt:

Í ljósi tíðra slysa um borð í RIB bátum, sem notaðir eru í atvinnuskyni, leggur nefndin til við Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti að settar verði reglur sem tryggji öryggi farþega. Í því sambandi verði m.a. athugað hvort fjaðrandi sæti geti verið einn liður í því.